

## REGLUR

### um skjalasafn Alþingis og um aðgang að skjölum þess.

#### I. KAFLI

##### Almenn ákvæði.

##### 1. gr.

##### *Markmið og gildissvið.*

Markmið reglna þessara er að tryggja örugga og skilvirka skjalastjórn og vörslu skjala Alþingis með hag þess og sögu að leiðarljósi.

Ákvæði laga nr. 77/2014, um opinber skjalasöfn, taka ekki til Alþingis. Í reglum þessum er lagt til grundvallar að fylgja beri reglum samkvæmt þeim lögum eftir því sem við getur átt, sbr. 1. mgr. 8. gr.

Reglurnar gilda um skjöl sem verða til í starfsemi Alþingis, sbr. 5. tölul. 2. gr. Er þá átt við skjöl sem verða til í tengslum við störf Alþingis sem fulltrúasamkomu (þingstörf) og skjöl sem verða til í tengslum við stjórnarsýslu þess. Einnig taka reglurnar til skipulags og stjórnunar skjalasafns Alþingis og aðgangs að skjölum sem þar eru varðveitt.

##### 2. gr.

##### *Orðskýringar.*

Í reglum þessum er merking hugtaka sem hér segir:

- Geymsluskrá:* Einnig nefnd skjalaskrá, skrá yfir allt skjalasafn Alþingis sem komið hefur verið fyrir í skjalageymslu og varðveitt er á pappírformi.
- Málalykill:* Skjalaflokkunarkerfi sem er ætlað að tryggja rétt samhengi upplýsinga svo að skjöl sem varða sama mál og lýsa sama máli liggi saman og finnist á sama stað.
- Málasafn:* Með málasafni er átt við gögn á pappír og rafræn, t.d. innkomin og útsend bréf, minnisblöð og orðsendingar innan húss sem og samninga, greinargerðir, skráð símtöl, skýrslur o.fl. sem oft eru hluti máls og varpa ljósi á það. Skjölum í málasafni er raðað eftir málalykli og eru þau skráð í málaskrá.
- Málaskrá:* Rafrænt mála- og skjalavörslukerfi sem heldur utan um skráningu á málum og erindum og vistar auk þess skjölin rafrænt í kerfinu. Málalykill og málaskrá eru verkfæri til þess að fá yfirlit yfir, vinna við og hafa reiðu á málasafni.
- Skjal:* Hvers konar gögn, jafnt rituð sem í öðru formi, er hafa að geyma upplýsingar og hafa orðið til, borist eða verið viðhaldið við starfsemi á vegum Alþingis.
- Skjalastjórn:* Skilvirk og kerfisbundin stýring á myndun skjala, móttöku, skjalahaldi, notkun og umráðum, þar á meðal ferlum og hlítingu reglna til að fanga og viðhalda vitnisburði og upplýsingum um starfsemi Alþingis í formi skjala.
- Skjalavarsla:* Öll atriði er lúta að myndun, varðveislu og aðgengi að skjölum og öðrum upplýsingum skjalasafns Alþingis.
- Skjalavistunaráætlun:* Áætlun sem felur í sér heildaryfirlit um hvern skjalaflokk í starfsemi Alþingis, þau skjöl sem mynda hann og um meðferð, frágang og varðveislu þeirra. Áætlunin endurspeglar skjalasafn Alþingis eins og það er hverju sinni.

9. *Stjórnsýsla Alþingis*: Sú starfsemi sem fram fer á vegum Alþingis og forseti Alþingis hefur æðsta vald í, sbr. 1. mgr. 9. gr. laga um þingsköp Alþingis, eða sem forsætisnefnd er ætlað að fjalla um samkvæmt þingsköpum Alþingis. Einnig starfsemi sem forseta Alþingis eða forsætisnefnd er falin samkvæmt fyrirmælum í öðrum lögum eða samkvæmt ályktun Alþingis, sbr. 1. mgr. 91. gr. laga um þingsköp Alþingis.
10. *Stofnanir Alþingis*: Umboðsmaður Alþingis, Ríkisendurskoðun, Mannréttindastofnun Íslands og rannsóknarnefndir Alþingis samkvæmt lögum um rannsóknarnefndir.
11. *Vörsluútgáfa gagna*: Rafræn afhending gagna. Í vörsluútgáfu eru varðveitt gögn úr rafrænu málaskrárkerfi og hafa þau í því skyni verið færð á tiltekið form en við það verður til vörsluútgáfa gagna.
12. *Þingnefndir*: Fastanefndir, alþjóðanefndir, sérnefndir, undirbúningsnefnd fyrir rannsókn kosninga og kjörbréfanefnd nema annað sé tekið fram.
13. *Þingstörf*: Sú starfsemi sem fram fer af hálfu Alþingis sem fulltrúasamkomu þjóðkjörinna fulltrúa, þ.m.t. störf þingnefnda.

3. gr.

*Skjalastefna skrifstofu Alþingis.*

Alþingi ber ábyrgð á eigin skjölum, sbr. 3. mgr. 14. gr. laga um opinber skjalasöfn og 94. gr. laga um þingsköp Alþingis. Á þeim grundvelli markar skrifstofustjóri skjalastefnu fyrir skrifstofu Alþingis. Stefnan miðar að því að tryggja skýrt verklag um meðferð og varðveislu skjala þingsins.

II. KAFLI

**Skjalasafn og skjalastjórn.**

4. gr.

*Stjórn.*

Skjalasafn Alþingis er hluti af stjórnsýslu Alþingis sem lýtur yfirstjórn forseta Alþingis. Skrifstofustjóri Alþingis hefur umsjón með skjalasafninu í umboði forseta. Daglegur rekstur skjalasafnsins er í höndum skjalastjóra sem skrifstofustjóri ræður til starfa.

5. gr.

*Skjalastjóri.*

Skjalastjóri hefur eftirlit með því að farið sé eftir skjalastefnu skrifstofu Alþingis, reglum þessum og verklagsreglum, hefur umsjón með skjalasafni Alþingis og leiðbeinir starfsfólki um notkun þess og skjalamál almennt.

6. gr.

*Hlutverk skjalasafns.*

Hlutverk skjalasafns Alþingis er m.a. að:

1. Varðveita annað frumrit eiðstafs forseta Íslands, sbr. 10. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands.
2. Varðveita erindi er þinginu berast, sbr. 2. mgr. 8. gr. laga um þingsköp Alþingis, svo og gerðabækur þess, sbr. 94. gr. laganna.
3. Varðveita skjöl og önnur gögn um þingstörf og stjórnsýslu Alþingis.

4. Hafa til reiðu skjöl og önnur gögn safnsins ásamt skráum og öðrum upplýsingum um þau fyrir þau sem nota vilja safnið og skapa þeim aðstöðu til þess, þ.m.t. til rannsókna og fræðaiðkunar.
5. Leiðbeina um notkun skjala í vörslu safnsins og greiða fyrir rannsóknum á þeim eins og kostur er.
6. Haga skjalastjórn og skjalavörslu í samræmi við markmið reglna þessara.

7. gr.

*Skjöl frá alþingismönnum og þingflokki.*

Skjalasafni Alþingis er heimilt að taka við skjölum alþingismanna og þingflokka til varðveislu og eignar ef þau eru talin hafa mikilvæga þýðingu fyrir hlutverk safnsins, sbr. 6. gr., eða starfsemi og sögu Alþingis.

8. gr.

*Skjalavarsla og skjalastjórn.*

Eftir því sem við getur átt skal við skjalastjórn, varðveislu skjala og annarra gagna og förgun þeirra fylgja fyrirætlunum laga um opinber skjalasöfn og stjórnvaldsfyrirætlunum samkvæmt þeim auk reglna og leiðbeininga Þjóðskjalasafns Íslands sem safnið setur á grundvelli laganna.

Skjalastjóri Alþingis útbýr geymsluskrá, vörsluútgáfu fyrir rafræn skjöl, skjalavistunaráætlun og málalykil fyrir málafund Alþingis. Skrifstofustjóri staðfestir skjalavistunaráætlunina og málalykilinn.

Skjalastjóri útbýr skjalastefnu Alþingis, sbr. 3. gr., sem skrifstofustjóri staðfestir að höfðu samráði við framkvæmdastjórn skrifstofu Alþingis.

### III. KAFLI

#### **Almenn ákvæði um aðgang að skjölum um starfsemi Alþingis.**

9. gr.

*Réttur til aðgangs að skjölum.*

Um aðgang að upplýsingum um störf þingsins sem fulltrúasamkomu fer eftir því sem mælt er fyrir um í 57. gr. stjórnarskrárinnar, lögum um þingsköp Alþingis, reglum þessum og reglum fastanefnda. Þegar við á má hafa ákvæði upplýsingalaga, með þeim takmörkunum sem þar greinir, til fyllingar.

Ákvæði upplýsingalaga eiga við um aðgang að skjölum um stjórnsýslu Alþingis. Beita skal ákvæðum laganna til frambúðar þrátt fyrir að 30 ár séu liðin frá því að skjal varð til, sbr. 4. mgr. 4. gr. þeirra laga.

Ef takmarkanir á aðgangi samkvæmt lögum eða reglum þessum eiga aðeins við um hluta skjals skal veita aðgang að öðrum hlutum þess.

Um aðgang að skjölum um meint brot alþingismanns á siðareglum fyrir alþingismenn fer samkvæmt ákvörðun forsætisnefndar, sbr. 1. mgr. 19. gr. siðareglanna.

10. gr.

*Skjöl sem eru aðgengileg hjá öðrum aðilum.*

Frumrit skjala eða afrit þeirra sem orðið hafa til í samskiptum Alþingis sem fulltrúasamkomu og aðila sem upplýsingalög taka til og er einnig að finna hjá þeim aðila eru undanþegin aðgangi. Það á þó ekki við um bréf til eða frá Alþingi. Hafi aðili sem heyrir undir upplýsingalög merkt skjal svo að það sé undanþegið aðgangi er það undanþegið aðgangi.

Sé skjal undanþegið aðgangi skv. 1. mgr. skal veita leiðbeiningar um að beina megi beiðni um aðgang til þess aðila sem gagnið á uppruna sinn hjá.

Beiðni um aðgang að persónuupplýsingum í skjali sem er undanþegið aðgangi skv. 1. mgr. skal beina til þess stjórnvalds sem annast vinnslu þeirra, sbr. 2. mgr. 17. gr. laga nr. 90/2018, um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Berist skrifstofu Alþingis skjal frá umboðsmanni Alþingis, ríkisendurskoðanda eða Mannréttindastofnun Íslands, sem varðar eftirlitsstörf þeirra og Alþingi hefur ekki fengið til umfjöllunar, fer um aðgang að því skjali samkvæmt þeim lögum sem um stofnanir þessar gilda.

11. gr.

*Um upplýsingarétt hins skráða.*

Um aðgang hins skráða að skjölum um hann sjálfan fer skv. 14. gr. upplýsingalaga og 17. gr. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga eftir því sem við getur átt.

12. gr.

*Upplýsingar sem háðar eru trúnaðar- eða þagnarskyldu.*

Skjöl sem háð eru trúnaðar- eða þagnarskyldu samkvæmt lögum um þingsköp Alþingis, eða samkvæmt sérstakri ákvörðun þingnefndar, eru undanþegin aðgangi. Þagnarskylda tekur enn fremur til upplýsinga sem falla undir 42. gr. stjórnsýslulaga.

13. gr.

*Aukinn aðgangur.*

Skrifstofu Alþingis er heimilt að veita aðgang að gögnum í ríkari mæli en skylt er samkvæmt reglum þessum enda standi aðrar réttarreglur því ekki í vegi, þar á meðal ákvæði laga um þagnarskyldu og persónuvernd.

#### IV. KAFLI

##### **Aðgangur að skjölum um Alþingi sem fulltrúasamkomu.**

14. gr.

*Skjöl sem veita ber aðgang að þegar umfjöllun um þau er lokið.*

Veita ber aðgang að eftirfarandi skjölum um starfsemi Alþingis sem fulltrúasamkomu, sem eru hluti af tilgreindu máli, þegar umfjöllun um þau er lokið og aðrar takmarkanir samkvæmt lögum eða reglum þessum eiga ekki við:

- a. Skjölum sem farið hafa á milli Alþingis og stofnana þess um fjárhagsáætlanir og innri starfsemi þeirra.
- b. Skjölum sem farið hafa á milli Alþingis og opinbers aðila um rekstur stofnana þess.
- c. Skjölum sem skrifstofa Alþingis hefur unnið fyrir þingnefndir, forsætisnefnd eða aðrar nefndir á vegum þingsins sem hafa aðstöðu hjá þinginu. Ef þingnefnd eða annar aðili innan þingsins biður um álit á tilgreindu máli má undanskilja bæði álitbeiðnina og álitnið sjálft aðgangi þegar það er nauðsynlegt til þess að tryggja forsvaranlega málsmeðferð. Í slíkum tilvikum skal beiðni um aðgang beint til skrifstofu Alþingis.
- d. Skjölum sem fara á milli forsætisnefndar og þingflokka í samráðsferli.
- e. Umsögnum ráðgjafarnefndar og tillögum forsætisnefndar um kosningu umboðsmanns Alþingis eða ríkisendurskoðanda, sbr. reglur forsætisnefndar um gerð tillögu við kosningu ríkisendurskoðanda og

umboðsmanns Alþingis.

- f. Skjölum frá þingmönnum og þingflokkum sem send hafa verið skjalasafni Alþingis til varðveislu, sbr. 7. gr., að liðnum ákveðnum tíma frá því að þau urðu til, sbr. V. kafla laga um opinber skjalasöfn eða að fengnu samþykki hlutaðeigandi alþingismanns eða þingflokksformanns sé sá tími ekki liðinn.
- g. Skjölum sem varða úthlutun heiðurslauna listamanna, sbr. lög nr. 66/2012, enda gilda ekki um þau takmarkanir sem fram koma í lögum eða reglum þessum.

Um aðgang að fundargerðum forsætisnefndar gildir 5. mgr. 6. gr. reglna um störf og starfshætti forsætisnefndar Alþingis.

15. gr.

*Skjöl sem undanþegin eru aðgangi.*

Réttur til aðgangs að skjölum um þingstörf tekur ekki til eftirfarandi skjala:

- a. Skjala um samskipti þingmanna við einstaklinga og lögaðila og um önnur störf þeirra, skjala sem fara á milli þingmanns og skrifstofu Alþingis og skjala sem varða samskipti hans við annað starfsfólk Alþingis og rannsókn- og upplýsingaþjónustu Alþingis.
- b. Skjala um starfsemi þingflokka og starfsfólk þeirra.
- c. Skjala sem farið hafa á milli Alþingis og opinbers aðila við undirbúning fjárlagatillagna fyrir Alþingi.
- d. Þingskjala sem útbýtt er á lokuðum þingfundi og umræðna um þau, sbr. 57. gr. stjórnarskrárinnar og 83. gr. laga um þingsköp Alþingis.

## V. KAFLI

### **Aðgangur að skjölum þingnefnda.**

16. gr.

*Skil á erindum og gögnum í skjalasafni.*

Í skjalasafni Alþingis skal varðveita öll erindi og önnur gögn sem berast þingnefndum.

Gögn sem fastanefnd hefur ákveðið að taka ekki við í trúnaði, sbr. 3. mgr. 50. gr. laga um þingsköp Alþingis og 1. mgr. 37. gr. starfsreglna fastanefnda, skulu endursend eða þeim eytt hafi þau verið send með rafrænum hætti.

Við lok þingstarfa eða þegar þingnefndir hafa lokið athugun sinni á máli skal skjölum þeirra komið fyrir í skjalasafni Alþingis. Sama gildir þegar aðrar nefndir á vegum Alþingis hafa lokið störfum.

Gæta skal þess að trúnaðargögn sem þingnefnd hefur haft til umfjöllunar, sbr. 36. gr. starfsreglna fastanefnda, séu auðkennd sem slík í skjalasafni Alþingis í samræmi við fyrirmæli 2. mgr. 38. gr. sömu reglna.

17. gr.

*Aðgangur að skjölum fastanefnda.*

Skjöl, þ.m.t. erindi sem berast fastanefndum í tengslum við tilgreind þingmál, sbr. 33. gr. starfsreglna fastanefnda, og upplýsingar um störf þingnefnda eru að jafnaði aðgengileg öllum samkvæmt fyrirmælum 34. gr. starfsreglna fastanefnda. Erindi sem berast nefnd og varða tiltekin þingmál eru að jafnaði birt á vef Alþingis samkvæmt nánari fyrirmælum, sbr. 35. gr. starfsreglna fastanefnda.

Veita skal aðgang að öðrum skjölum sem varða tiltekið mál með þeim takmörkunum sem greinir í 14., 15. og 18. gr. Sama gildir þegar óskað er aðgangs að tilteknum fyrirbyggjandi skjölum. Við afgreiðslu beiðna skal hafa hliðsjón af ákvæðum upplýsingalaga eftir því sem við getur átt.

## 18. gr.

*Skjöl sem undanþegin eru upplýsingarétti.*

Réttur almennings til aðgangs að skjölum þingnefnda tekur ekki til:

- a. Trúnaðargagna sem fastanefnd hefur tekið við, sbr. 36. gr. starfsreglna fastanefnda.
- b. Skjala sem undanþegin eru upplýsingarétti samkvæmt 6.–10. gr. upplýsingalaga.
- c. Skjala um meðferð umsókna um ríkisborgararétt, sbr. 6. gr. laga um íslenskan ríkisborgararétt.
- d. Skjala sem formaður utanríkismálanefndar eða utanríkisráðherra hefur ákveðið að nefndarmenn skuli bundnir þagnarskyldu um, sbr. 1. mgr. 24. gr. laga um þingsköp Alþingis og 1. mgr. 42. gr. starfsreglna fastanefnda.
- e. Gerðabóka þingnefnda um trúnaðarmál (trúnaðarmálabók), sbr. 21. gr. laga um þingsköp Alþingis og 2. mgr. 44. gr. starfsreglna fastanefnda.

## 19. gr.

*Aðgangur að skjölum um frumkvæðismál fastanefnda.*

Skjöl og erindi sem berast fastanefnd í tilefni af máli sem hún hefur tekið upp að eigin frumkvæði og lokið með skýrslu eða flutningi þingmáls eru aðgengileg á vef Alþingis, sbr. 2. mgr. 35. gr. starfsreglna fastanefnda. Þingnefnd getur tekið ákvörðun um birtingu skjala sem borist hafa í tengslum við önnur frumkvæðismál.

## 20. gr.

*Aðgangur að fundargerðum utanríkismálanefndar Alþingis.*

Samþykktar fundargerðir utanríkismálanefndar eru birtar á vef Alþingis.

Að því er varðar fundargerðir nefndarinnar fyrir 27. september 2011 skal, að liðnum 30 árum frá fundi, veita aðgang að fundargerð sé þess óskað nema hún varði einka- eða fjárhagsmálefni einstaklinga. Varði fundargerð slík málefni skal ekki heimila aðgang að þeim hluta hennar fyrr en að 80 árum liðnum nema sá er málið varðar veiti samþykki sitt.

Að undangengnu samráði við utanríkismálanefnd getur skjalastjóri veitt undanþágu frá 2. mgr. vegna rannsókn- og fræðistarfa. Um slíkan aðgang fer samkvæmt VII. kafla reglna þessara.

## VI. KAFLI

**Aðgangur að gögnum um stjórnýslu Alþingis.**

## 21. gr.

*Skjöl sem varða stjórnýslu Alþingis.*

Réttur almennings til aðgangs að gögnum um stjórnýslu Alþingis samkvæmt upplýsingalögum, sbr. 2. mgr. 9. gr. reglna þessara, tekur til:

- a. Skjala um rekstur skrifstofu Alþingis, svo sem um ráðstöfun fjárveitinga til kaupa á vörum og þjónustu og um umsjón og rekstur húseigna.

- b. Skjala um þingfararkaup og þingfararkostnað samkvæmt lögum um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað og reglum forsætisnefndar sem settar hafa verið samkvæmt þeim að því marki sem slík gögn eru ekki þegar aðgengileg samkvæmt ákvörðun forsætisnefndar. Undanþegin aðgangi eru gögn um einstakar ferðir þingmanna í tengslum við störf þeirra.
- c. Skjala um rekstur Húss Jóns Sigurðssonar, verðlaun Jóns Sigurðssonar forseta og úthlutun fræðimannsíbúða, sbr. reglur forsætisnefndar um Hús Jóns Sigurðssonar í Kaupmannahöfn. Þó skal gæta trúnaðar um úthlutun verðlauna Jóns Sigurðssonar forseta fram að veitingu þeirra.
- d. Skjala um framkvæmd ályktana Alþingis um einstök málefni sem skrifstofa Alþingis hefur umsjón með. Undanþegin eru gögn um undirbúning að ályktun um skipan rannsóknarnefnda, samkvæmt lögum um rannsóknarnefndir, og um aðkomu skrifstofu Alþingis að rekstri slíkra nefnda. Um aðgang að gögnum rannsóknarnefnda fer skv. 15. gr. laga um rannsóknarnefndir.
- e. Skjala, þ.m.t. fundargerða, um störf nefnda eða starfshópa sem forseti eða forsætisnefnd hefur komið á fót til þess að kanna einstök mál eða til að vinna tillögur um málefni sem varða störf Alþingis og stjórnarsýslu þess.

Til skjala um stjórnarsýslu Alþingis teljast enn fremur önnur gögn sem varða starfsemi sem forseta Alþingis eða forsætisnefnd eru falin samkvæmt fyrir mælum laga eða samkvæmt ályktun Alþingis.

## VII. KAFLI

### Aðgangur að skjölum sem eru undanþegin upplýsingarétti.

22. gr.

*Ákvörðun um aðgang að skjölum sem undanþegin eru upplýsingarétti.*

Heimilt er að óska eftir aðgangi að skjölum sem undanþegin eru upplýsingarétti eða trúnaður ríkir um samkvæmt lögum eða reglum þessum enda teljist hann nauðsynlegur í þágu vísindarannsóknar, réttindagæslu eða af öðrum sambærilegum ástæðum. Í umsókn skal upplýst í hvaða tilgangi óskað er eftir aðgangi. Leyfi samkvæmt þessari málsgrein skal vera skriflegt.

Einungis skal veita aðgang að skjölum skv. 1. mgr. ef ætla má að hægt sé að verða við umsókn án þess að skerða þá almanna- og einkahagsmunum sem lögum eða reglum þessum er ætlað að vernda. Svar við umsókn skal vera skriflegt.

23. gr.

*Skilyrði þess að veita megi aðgang að skjölum sem eru undanþegin aðgangi.*

Skrifstofa Alþingis getur sett skilyrði fyrir aðgangi að skjölum skv. 22. gr. Skilyrðin skulu byggð á sjónarmiðum um eðli þeirra upplýsinga sem veittur er aðgangur að og þann tilgang sem umsókn skv. 22. gr. byggist á. Meðal skilyrða sem skrifstofa Alþingis getur sett eru að:

- a. Sá aðili sem fær aðgang að gögnum í skjalasafni skuli skrifa undir yfirlýsingu um þagnarskyldu, sbr. b-lið.
- b. Ekki sé skýrt frá eða miðlað á annan hátt persónugreinanlegum upplýsingum um viðkvæm einkamálefni, þ.m.t. fjárhagsmálefni, sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari, nema sá samþykki sem í hlut á.
- c. Ekki sé haft samband við einstaklinga sem eru nefndir í skjalinu sem veittur er aðgangur að eða skyldmenni og venslamenn þeirra.
- d. Skjalið verði ekki birt í heild sinni.
- e. Ekki verði tekið afrit af skjalinu.

f. Upplýsingar sem veittur er aðgangur að verði ekki birtar í rannsóknaniðurstöðum á persónugreinanlegan hátt.

Þegar sérstaklega stendur á er heimilt að setja önnur skilyrði um aðgang að skjölum.

24. gr.

*Leyfi Þjóðskjalasafns Íslands og samþykki Persónuverndar.*

Hafi einstaklingur fengið aðgang að skjölum hjá Þjóðskjalasafni Íslands og að fengnu samþykki Persónuverndar þar sem það á við, sbr. 31. og 32. gr. laga nr. 77/2014, um opinber skjalasöfn, skal hann, í þágu rannsóknar sinnar skv. 22. gr., njóta sama aðgangs að skjölum í skjalasafni Alþingis. Með umsókn skulu leyfi Þjóðskjalasafns Íslands og samþykki Persónuverndar fylgja þar sem við á.

25. gr.

*Trúnaður.*

Sá sem fær aðgang að skjölum sem falla undir þennan kafla má ekki birta, afhenda eða nota upplýsingar sem hann hefur þannig fengið aðgang að á annan hátt en mælt er fyrir um í leyfi hans.

VIII. KAFLI  
**Málsmeðferð.**

26. gr.

*Meðferð aðgangbeiðna.*

Beiðnum um aðgang að skjölum um starfsemi Alþingis skal beint til skrifstofu Alþingis. Um málsmeðferð fer skv. IV. kafla upplýsingalaga eftir því sem við getur átt.

27. gr.

*Synjun beiðni um aðgang.*

Ákvörðun um að synja beiðni um aðgang að skjölum, að hluta eða í heild, skal rökstudd og tilkynnt skriflega. Hið sama gildir ef synjað er beiðni um ljósrit eða afrit af umbeðnum skjölum. Veita skal leiðbeiningar um kærurétt.

28. gr.

*Kæra.*

Heimilt er að kæra til forsætisnefndar ákvörðun skrifstofu Alþingis um að synja aðgangi að skjölum samkvæmt reglum þessum. Kæra skal borin fram innan 30 daga frá því að tilkynnt var um synjun.

Áður en forsætisnefnd úrskurðar um kærana skal aflað ráðgefandi álits frá upplýsinganefnd þingsins, sbr. 29. gr. Feli úrskurður forsætisnefndar í sér aðra niðurstöðu en felst í ráðgefandi áliti upplýsinganefndar skal hún rökstudd sérstaklega.

Við úrlausn einstakra mála skal líta til framkvæmdar úrskurðarnefndar um upplýsingamál.

29. gr.

*Upplýsinganefnd Alþingis.*

Forsætisnefnd Alþingis skipar þriggja manna ráðgefandi nefnd til fimm ára í senn sem tekur til meðferðar erindi sem forsætisnefnd beinir til hennar, sbr. 2. mgr. 28. gr. Nefndin lætur forsætisnefnd í té ráðgefandi áliti á því hvort ákvörðun skrifstofu Alþingis um synjun aðgangs að skjölum samræmist fyrirmælum laga eða reglna þessara. Nefndin er sjálfstæð í störfum sínum.

Forseti Alþingis gerir tillögu um tvo fulltrúa. Skal annar þeirra vera formaður og hafa þekkingu á starfsemi Alþingis en hinn hafa þekkingu á upplýsingarétti og hafa embættis- eða meistarapróf í lögfræði. Einn nefndarmaður skal tilnefndur af samstarfsnefnd háskólastigsins, sbr. 26. gr. laga um háskóla, og skal hann hafa embættis- eða meistarapróf í lögfræði. Þrír varamenn skulu tilnefndir með sama hætti.

Álit nefndarinnar skulu birt á vef Alþingis. Gögn sem nefndin hefur aflað við meðferð einstakra mála eru undanþegin aðgangi.

Á nefndarmönnum hvílir þagnarskylda samkvæmt X. kafla stjórnsýslulaga.

#### IX. KAFLI

##### Lokaákvæði.

30. gr.

*Lagastoð og gildistaka.*

Reglur þessar eru settar með stoð í 2. mgr. 93. gr. og 2. mgr. 94. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og taka þegar gildi. Frá sama tíma falla úr gildi reglur nr. 90/2020, um aðgang að gögnum um stjórnsýslu Alþingis.

*Alþingi, 23. mars 2026.*

**Þórunn Sveinbjarnadóttir.**

---

*Sverrir Jónsson.*

---

B deild - Útgáfudagur: 16. apríl 2026